

EVROPUSAMBAND SOROPTIMISTA

KLÚBBLÖG

eins og þau voru samþykkt á fundi sendifulltrúa í Aþenu (Grikklandi) í júní 1992. Þessi lög eru í gildi frá og með 1. október 1992 með breytingum sem gerðar voru í desember 1999 með bréflægri atkvæðagreiðslu, á sendifulltrúafundinum í Vejle (Danmörku) í júlí 2002 með gildistöku 1. október 2002 og á sendifulltrúafundinum í Varsjá í júlí 2008 með gildistöku 1. október 2008.

I. grein - Almenn ákvæði

Nafn

1. a) Nafn klúbbsins er Soroptimistaklúbbur ... (í lögum þessum nefndur klúbburinn)
b) Nafn klúbbsins skal gefa til kynna hvar hann starfar.
c) Breyting á nafni er háð samþykki forseta Evrópusambandsins að beiðni klúbbsins, sem staðfest skal af forseta Landssambandsins.

Lög SI

2. Klúbburinn var stofnaður í samræmi við ákvæði IV. greinar, 2. töluliðar laga Alþjóðasambands Soroptimista (SI) og fékk afhenta stofnskrá hinn ... sem er stofndagur klúbbsins.

Klúbburinn er í Landssambandi

3. Klúbburinn er í Soroptimistasambandi Íslands (í lögum þessum nefnt Landssambandið) sem er meðlimur í Evrópusambandi Soroptimista (í lögum þessum nefnt Evrópusambandið).

Klúbbur, starfar ekki í hagnaðarskyni

4. Klúbburinn starfar ekki í hagnaðarskyni.

Aðsetur

5. Aðsetur klúbbsins skal vera heimili formanns hverju sinni eða fast heimilisfang eins og kveðið er á um í reglugerðinni.

Merki

6. Klúbburinn notar merki og skírteini Alþjóðasambands Soroptimista.

Starfsár

7. Starfsár klúbbsins hefst 1. október.

II. grein - Reglugerð og landslög

Reglugerð

1. Sé ekki ákvæði í reglugerð Landssambandsins varðandi gildistöku reglugerðar klúbbsins ber klúbbum að staðfesta sína eigin reglugerð til að framfylgja ákvæðum laga þessara, svo framarlega sem slík reglugerð er ekki í ósamræmi við lög þessi, lög Landssambandsins, lög Evrópusambandsins og lög Alþjóðasambands Soroptimista.

Landslög

2. Sérhvert ákvæði í þessum lögum sem brýtur í bága við ákvæði í lögum viðkomandi ríkis verður að laga að lögum ríkisins. Beiðni um slíkt skal koma frá Landssambandsstjórn með samþykki stjórnar Evrópusambandsins, byggt á samhljóða áliti laganefnda beggja sambandanna.

III. grein - Markmið

Markmið

Alþjóðasamband Soroptimista (Soroptimist International), sem eru alþjóðleg samtök kvenna með starfsmenntun eða í stjórnunarstörfum, vill með athygli, atfylgi og athöfn vera málsvari kvenna um allan heim. Klúbburinn skal vinna að markmiðum Soroptimista sem eru tilgreind í II. grein laga Alþjóðasambands Soroptimista, þ.e.:

- bættri stöðu kvenna
- háum siðgæðiskröfum
- mannréttindum öllum til handa
- jafnrétti, þróun og friði

fyrir tilstuðlan alþjóðlegrar velvildar, skilnings og vináttu.
Klúbburinn skal beita sér fyrir:

- að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi
- að taka virkan þátt í ákvörðunartöku hvarvetna í þjóðfélaginu.

IV. grein - Meginstefna

Stefna

1. Stefna Alþjóðasambands Soroptimista er að láta sig varða málefni á innlendum og alþjóðlegum vettvangi sem tengjast markmiðum og verkefnasviðum þess. Alþjóðasamband Soroptimista er algerlega hlutlaust um deilumál af stjórnsmálalegum toga milli þjóða og um málefni stjórnsmálaflokka og trúarflokka.

Samskipti við lands- og heimssamtök

2. Enginn klúbbur má í nafni Soroptimista snúa sér til forystumanna ríkisstjórna annarra landa vegna umdeilda mála eða hafa þau afskipti af lands- eða heimssamtökum sem gætu valdið erfiðleikum eða verið skaðleg fyrir Soroptimista í öðrum löndum. Soroptimistar, sem óska eftir að hreyfa

málefnum sem þær bera fyrir brjósti, skulu beina þeim til forseta Evrópusambandsins fyrir milligöngu klúbbsins og forseta Landssambandsins. Forseti Evrópusambandsins mun koma erindinu á framfæri við forseta Alþjóðasambands Soroptimista sem hefur heimild stjórnar Alþjóðasambandsins til að gera viðeigandi ráðstafanir.

Þátttaka í öðrum samtökum

3. Klúbburinn má ekki gerast aðili að öðrum samtökum nema ef um er að ræða kvenfélagasamband staðarins og þá að fengnu samþykki Landssambandsstjórnar. Samstarf eða stefnuyfirlýsing í nafni Soroptimistahreyfingarinnar þarfnast samþykkis stjórnar Landssambandsins.

V. grein - Félagsaðild

Kjörgengi aðila

1. Til þess að vera kjörgengur í klúbbinn skal væntanlegur félagi uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a. að vera minnst 21 árs gamall
 - b. (i) vera í starfi sem krefst starfsmenntunar, starfa við viðskipti eða annað sem gerir svipaðar kröfur til þekkingar og ábyrgðar, þar með talin húsmóðurstörf. Stjórnmalastörf eru undanskilin

eða

(ii) hafa nýlega hætt störfum eða hafa tímabundið eða varanlega hætt starfi sem krefst starfsmenntunar, starfi við viðskipti eða annað sem gerir svipaðar kröfur til þekkingar og ábyrgðar.

eða

(iii) vera að hefja störf eða starfsferil í starfi sem krefst starfsmenntunar, starfi við viðskipti eða annað sem gerir svipaðar kröfur til þekkingar og ábyrgðar.

Varðandi (ii) og (iii) að framan verða klúbbar að fara eftir XVII. grein e. og f. liðum í Landssambandslögum sem hefur ekki áhrif á kjörgengi félaga en getur haft áhrif á samþykkt nýrra félaga í hvern klúbb fyrir sig hvað varðar samsetningu félaga í klúbbnum.

Ábyrgðarmenn / inntaka

2. Félagar geta þeir einir orðið sem klúbburinn býður þátttöku. Tvo ábyrgðarmenn þarf til að bera upp nýja féлага og verður a.m.k. annar þeirra að vera úr viðkomandi klúbbi, í samræmi við ákvæði í reglugerð. Félagsaðildin er háð samþykki allra klúbbsystra. Klúbbarnir verða einnig að fara eftir XVII. grein 2. tölul. e. og f. í Landssambandslögum varðandi (ii) og (iii) í 1. tölul. b. hér að ofan

eða:

Félagsaðild er hægt að öðlast ef klúbbfélagi skiptir um búsetustað, annað hvort tímabundið eða ótímabundið, og á félaginn rétt á flutningi í annan klúbb innan umdæmis hins nýja búsetustaðar.

Flokkun

3. Konur úr öllum greinum atvinnulífsins geta orðið félagar í klúbbum. Starfsgrein skal jafnan hafa einn virkan fulltrúa. Þegar félagi hefur verið virkur í fimm ár er leyfilegt að taka inn í klúbbinn annan féлага úr sömu starfsgrein. Skipti félagi um klúbb vegna gildra ástæðna, má hann ganga í nýja klúbbinn án tillits til starfsgreinar.

VI. grein - Flokkun félaga

Flokkun

1. Klúbbfélagar flokkast á eftirfarandi hátt:

- a) Virkir félagar

1. Félagar sem teknir hafa verið inn í klúbbinn samkvæmt ákvæðum V. greinar 1. töluliðar, þar með taldir virkir félagar er flust hafa úr öðrum klúbbum og félagar sem hafa skipt um starf eða atvinnugrein, jafnvel þótt sú atvinnugrein hafi þegar fulltrúa í klúbbum.
2. Virkir félagar, sem hafa flust af svæði klúbbsins í annað byggðarlag þar sem ekki er klúbbur, svo framarlega sem þeir uppfylla öll skilyrði venjulegs klúbbfélaga.

- b) Eldri félagar, þ.e.a.s. virkir félagar sem hafa náð sjötíu og fimm ára aldri.

Kjörgengi í embætti

2.
 - a) Virkir félagar skulu vera kjörgengir í öll embætti Soroptimista. Starfstíma í embætti skal vera lokið áður en félagi verður eldri félagi.
 - b) Eldri félagar skulu vera kjörgengir í embætti klúbbsins, nema formannsembættið, og í þau embætti Landssambandsins sem ákvæði eru um í reglugerð. Eldri félagar eru ekki kjörgengir í fulltrúaembættin.
 - c) Eldri félagar í stjórn samkvæmt IX. grein mega ekki vera fleiri en tveir.

VII. grein - Klúbbvinir

Skilyrði

1. Þrátt fyrir ákvæði V. greinar, 1. töluliðar, er klúbbum leyfilegt að taka inn konur vegna ágætis þeirra eða starfa að eflingu markmiða Soroptimistahreyfingarinnar (í lögum þessum nefndir klúbbvinir). Klúbbvinir mega ekki vera fleiri en 10% af félagatölunni.

Inntaka

2. Inntaka klúbbsins skal fara fram eins og segir í V. grein 2. tölulið.

Takmarkað kjörgengi í embætti

3. Klúbbvinir hafa bæði atkvæðisrétt og kjörgengi til embættis innan klúbbsins, utan embættis formanns og fulltrúa.

Gjöld

4. Klúbbvinir greiða félagsgjöld samkvæmt XII. grein.

VIII. grein - Missir félagsréttinda

Ástæður

1. Félagi missir félagsréttindi sín af eftirfarandi ástæðum:

- a) Samkvæmt ákvörðun klúbbsins þegar:

- ekki er mætt á að minnsta kosti fimm klúbbfundum innan starfsárs Soroptimista, nema klúbbstjórnin hafi heimilað fjarvistir
- misbrestur er á greiðslu gjalda
- misbrestur er á að uppfylla önnur ákvæði laga og reglugerðar.

Félagi sem telur sig beittan ranglæti vegna slíkrar ákvörðunar getur lagt málið fyrir gerðardóm Landssambandsins til lokaákvörðunar.

- b) Með úrsögn.

Málsmeðferð

2. Málsmeðferð vegna missis félagsréttinda skal vera samkvæmt reglugerð í samræmi við X. gr. 2. tölulið, staflíð d) í lögum þessum.

Endurinntaka

3. Félagi, sem af einhverjum ástæðum hefur misst félagsréttindi sín, getur öðlast þau aftur að venjulegri málsmeðferð lokinni og í fyrsta lagi að þremur árum liðnum.

IX. grein - Stjórnin

Samsetning stjórnar

1. a) Stjórnunar- og framkvæmdavald klúbbsins skal vera í höndum stjórnar, sem skipuð er formanni, varaformanni (varaformönnum), ritara, gjaldkera og fleirum í samræmi við ákvæði í reglugerð.
b) Formaður er löglegur fulltrúi klúbbsins. Ef formaður forfallast skal 1. varaformaður, eða ef hann forfallast, 2. varaformaður koma í hans stað.

Starfstími stjórnar

2. Starfandi klúbbar

- a) Starfstími stjórnar skal vera tvö ár án endurkjörs, nema gjaldkera, sem má endurkjósa einu sinni. Stjórnarkonu má kjósa aftur til sama embættis eftir tveggja ára hlé. Ritari er útnefndur af formanni. Sú útnefning verður að hljóta samþykki klúbbfundar.

Nýstofnaðir klúbbar

- b) Þegar klúbbur er stofnaður áður en starfsár Soroptimista hefst skal stjórnin sitja í eitt ár að viðbættu tímabili frá stofndegi klúbbs þar til starfsár Soroptimista hefst. Lengja má setu stjórnar um eitt ár með samþykki klúbbsfundar.

Starfssvið stjórnar

3. Stjórnin á að fást við málefni klúbbsins sem eru efst á baugi hverju sinni. Aðalstarf hennar er:
- að undirbúa og leggja fyrir klúbbsfund málefni sem eru efst á baugi
 - að leggja fyrir aðalfund yfirfarna og endurskoðaða ársreikninga til samþykktar og fjárhagsáætlun næsta árs
 - að samþykkja dagskrá klúbbsfunda
 - að samþykkja starfsáætlun klúbbsins
 - að framkvæma ákvarðanir klúbbsfunda.

Fundir

4. Stjórnin skal halda fundi að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og skulu báðir fulltrúarnir, sem nefndir eru í XIII. grein, sitja þá sem ráðgefendur. Mæting á stjórnarfundum af verðandi formanni (ef hún hefur verið kosin áður en hún tekur við embætti) og fráfarandi formanni verður að vera í samræmi við ákvæði í reglugerð.

Málsmeðferð

5. Málsmeðferð við kosningu fyrrnefndra embættismanna ásamt fundarsköpum skal vera eins og kveðið er á um í reglugerð.

X. grein - Klúbbsfundir

Fjöldi funda

1. Halda skal minnst tíu klúbbsfundum á ári.

Klúbbsfundir

2. a) Einn fundanna skal vera aðalfundur og skulu allir félagar hafa fengið fundarboð og dagskrá. Aðalfundurinn skal haldinn fyrir árlegan fulltrúaráðsfund Landssambandsins.
- b) Dagskrá aðalfundar skal undirbúin af formanni og samþykkt af stjórninni. Á dagskrá skulu vera kosningar og skýrslur embættismanna um störf þeirra og málefni er varða störf þeirra á sviði Landssambandsins. c) Tilskilinn lágmarksfjöldi á aðalfundi skal vera 2/3 hlutar klúbbsfélaga. Ef þeim lágmarksfjölda er ekki náð skal boða til aukaaðalfundar sem skoðast löglegur án tillits til fundarsóknar.
- d) Til samþykktar þarf einfaldan meirihluta viðstaddra félaga. Kosningar fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu og tveimur þriðju hlutum atkvæða viðstaddra. Ef slíkur meirihluti næst ekki, skal önnur atkvæðagreiðsla fara fram og nægir þá einfaldur meirihluti. Ef breyta á lögum eða leggja klúbbsinn niður þarf til þess lögboðinn meirihluta, eins og tilgreint er í XV og XVI grein í lögum þessum..
- e) Aukaaðalfundur skal halda ef formaður, stjórn eða 1/3 hluti klúbbsfélaga óska þess.

Málsmeðferð

3. Málsmeðferð á fundum skal vera samkvæmt reglugerð.

Fundarsókn

4. Virkir félagar skulu sitja minnst 5 fundi á starfsári nema stjórn klúbbsins hafi veitt viðkomandi fjarvistarleyfi.

XI. grein - Verkefnastjórar og nefndir

Nöfn

1. Í klúbbum skulu vera 6 verkefnastjórar sem starfa að sömu markmiðum og þeir 6 verkefnastjórar sem nefndir eru í XI. grein laga Evrópusambandsins. Verkefnasviðin eru:
 - Efnahags- og félagsleg þróun.
 - Mennta- og menningarmál.
 - Umhverfismál.
 - Heilbrigðismál.
 - Mannréttindi og staða konunnar.
 - Alþjóðleg vinátta og skilningur.

Klúbburinn getur stofnað sérhæfðar nefndir eða kosið embættismenn, sem starfa að sömu markmiðum og nefndir þær sem um er rætt í XII. grein laga Evrópusambandsins, eða sem starfa að öðrum markmiðum eins og kveðið er á um í reglugerð.

Kjörtímabil

2. Kjörtímabil verkefnastjóra, nefnda og embættismanna og starfssvið þeirra skal vera eins og segir í reglugerð.

XII. grein - Fjármál

Tekjur

1. Tekjur klúbbsins, sem ákveðnar eru á aðalfundi hans, eru inntökugjöld nýrra félaga og félagsgjöld sem allir félagar greiða, þar með taldir nýir félagar.

Sérstök verkefni

2. Sérhver fjárhæð, sem klúbburinn safnar vegna sérstakra verkefna, telst ekki hluti klúbbsjóðs.

Varðveisla

3. Sjóðir klúbbsins skulu varðveittir og farið með þá eins og ákveðið er í reglugerð. Gjaldkeri gefur árlega skýrslu til klúbbsins á aðalfundi.

Greiðslur

4. Gjaldkeri greiði Landssambandinu gjöld eigi síðar en 30. október ár hvert miðað við fjölda félaga 30. júní.

XIII. grein - Fulltrúar hjá Landssambandi

Fulltrúar

1. Tveir virkir félagar, sem nefnast fulltrúar, skulu koma fram fyrir hönd klúbbsins og vera kosnir til tveggja ára í senn, einn fulltrúi hvort ár. Varafulltrúa ber að kjósa á sama hátt og koma þeir í stað fulltrúa sem eigi getur starfað en hefur verið kjörinn í Landssambandsstjórn.

Endurkosning

2. Fulltrúa má endurkjósa einu sinni og eftir að minnsta kosti tveggja ára hlé má kjósa þá aftur.

Skýrsla

3. Fulltrúar skulu gefa klúbbum skýrslu eftir hvern fulltrúaráðsfund.

XIV. grein - Tilnefning frambjóðenda

Klúbburinn skal, að beiðni forseta Landssambandsins, tilnefna frambjóðendur til starfa í Landssambandinu og Evrópusambandinu. Farið skal eftir ákvæðum Landssambandslaga og Evrópusambandslaga hvað snertir hæfni frambjóðenda.

XV. grein - Lagabreytingar

Tillöguréttur

1. Tillögur um breytingar á klúbblögum má bera fram hvenær árs sem er. Það er bundið þeim skilyrðum að tillögurnar, eftir að hafa verið samþykktar í samræmi við málsmeðferð laga þessara, séu lagðar fyrir Evrópusambandið í samræmi við 19. gr. Evrópusambandslaganna eigi síðar en í lok fjórða árs frá því núgildandi lög tóku gildi.

Sérhver félagi má leggja fram tillögur að lagabreytingum með því að senda skriflegar tillögur til formanns klúbbsins.

Atkvæðagreiðsla

2. Formaðurinn skal leggja tillöguna fram á aðalfundi og verður hún að hljóta samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða.

Meðferð tillagna

3. Samþykkt tillögu um breytingu laganna skal formaður leggja fyrir forseta Landssambandsins og formann laganeftar til frekari afgreiðslu í samræmi við XVI. grein Landssambandslaga.

XVI. grein - Upplausn

Skilyrði

1. Klúbburinn getur samþykkt upplausn klúbbsins á aukaaðalfundi sem boðaður er að beiðni stjórnarinnar eða a.m.k. þriðjungs klúbbfélaga. Til að samþykkja upplausn þarf minnst fimm sjöttu hluta greiddra atkvæða.

Upplausn óumflýjanleg

2. Upplausn klúbbs er óumflýjanleg ef fjöldi fer niður fyrir 15 og/eða ef félagar hans uppfylla ekki á annan hátt skilyrði V. greinar 1. tölul. b. klúbblaga, nema um sé að ræða leyfi til framlengingar eins og kveðið er á um í XVII. grein tölul. 2 málsg. d., e. og f. í lögum Landsambandsins.

Ráðstöfun sjóða

3. Við upplausn klúbbs skal skila stofnskrá, merkjum og skírteinum til Landssambandsins og sjóðum skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun stjórnar Landssambandsins.

XVII. grein - Gerðardómur og sættir

Ágreiningsmálum milli klúbbfélaga má vísa til gerðardóms sem skipaður er í því máli. Ákvæði um skipan hans skal vera í reglugerð. Innan tveggja mánaða má áfrýja niðurstöðum dómnefndar til gerðardóms Landssambandsins til endanlegs úrskurðar. Formaður klúbbs skal hafa milligöngu þar um.

XVIII. grein - Enska ráðandi

Klúbblög SI/E voru upphaflega samin á ensku og þýdd yfir á frönsku. Ef ósamræmi er á milli lagatexta tungumálanna, gildir sá enski.